

## Lagalegur fyrirvari

### Almennur fyrirvari:

Icebank byggir upplýsingarnar á vefnum á heimildum sem bankinn telur áreiðanlegar en ekki er hægt að ábyrgjast að þær séu réttar. Bankanum er ekki skylt að uppfæra það sem fram kemur á vefnum og kunna upplýsingar og skoðanir sem þar koma fram að breytast án fyrirvara.

Icebank á höfundarrétt að öllum þeim upplýsingum sem fram koma á vef bankans, nema annað sé sérstaklega tekið fram eða leiða megi af eðli máls. Skriflegt samþykki bankans þarf til að endurbirta upplýsingar sem fram koma á vef bankans, dreifa þeim eða afrita þær. Ekki skiptir máli hvers eðlis þær upplýsingar eru, né í hvaða tilgangi ætlunin er að endurbirta þær, afrita þær eða dreifa þeim. Viðskiptamönnum bankans er þó heimilt að vista slíkar upplýsingar til einkanota.

Icebank safnar ekki upplýsingum um notendur vefsins, nema þegar þær eru nauðsynlegar til þess að uppfylla óskir notenda á einhvern hátt. Bankinn getur í einhverjum tilvikum óskað eftir tilteknum upplýsingum um notanda, svo sem nafn, netfang, nafn fyrirtækis eða síma. Það er algerlega á valdi notanda hvort hann gefur þessar upplýsingar, en þær kunna að vera notaðar í þágu viðkomandi notanda á einhvern hátt.

Icebank safnar saman upplýsingum um lén notenda til þess að hafa yfirsýn yfir heimsóknir á vefinn. Þessar upplýsingar gera bankanum kleift að gera sér grein fyrir þörfum notenda, þ.e. hvaða hlutar vefsins eru mest notaðir o.s.frv. Þessar upplýsingar eru einungis notaðar til þess að bæta efni vefsins.

Icebank mun ekki undir nokkrum kringumstæðum miðla upplýsingum um notendur til þriðja aðila, nema notendur óski eftir því sjálfir.

Icebank áskilur sér rétt til þess að breyta eða uppfæra fyrirvara þennan fyrirvaralaust.

Á vefnum eru tengingar við aðrar vefsíður. Tengingarnar fela ekki á nokkurn hátt í sér ábyrgð bankans á efni þeirra.

### Fyrirvari vegna viðskipta á netinu:

Icebank ber hvorki ábyrgð á tjóni sem rekja má beint eða óbeint til notkunar á vef bankans né tjóni sem rekja má til þess að ekki er hægt að nota vefinn, um skemmri eða lengri tíma; meðal annars, en ekki eingöngu, ber bankinn ekki ábyrgð á tjóni vegna tapaðra fjárfestingatækifæra notenda.

Upplýsingar sem birtar eru á vef bankans fela á engan hátt í sér ráðleggingar um kaup eða sölu tiltekinna fjármálagerna og bera notendur vefsins einir ábyrgð á þeim fjárfestingaákvörðunum sem teknar eru á grundvelli upplýsinga sem birtar eru á vefnum. Bankinn kann þó að veita ráðgjöf til viðskiptavina bankans í gegnum vefinn um kaup eða sölu fjármálagerna og/eða um skattamál, enda kemur þá skýrt fram á vefnum að um ráðgjöf sé að ræða. Upplýsingar og ráðgjöf bankans á vefnum miðast ekki við ákveðin fjárfestingarmarkmið, ákveðna fjárhagsstöðu eða sérhagsmuni tiltekinna notenda og er ávallt almenns eðlis þar sem ekki er hægt að taka tillit til aðstæðna hvers og eins. Bankinn ber ekki í neinum tilvikum ábyrgð á tjóni sem kann að hljóta af slíkri upplýsinga- eða ráðgjöf bankans.

Viðskipti með fjármálagerna eru mjög áhættusöm í eðli sínu. Verðbreytingar í fortíð gefa ekki endilega vísbendingu um framtíðarbreytingar. Notendur á vef bankans eru hvattir til að afla sér almennra upplýsinga um eðli verðbrefaviðskipta, fjárfestingamálefni, skattamál o.fl. sem tengist verðbrefaviðskiptum hjá ráðgjöfum bankans.

Þeir sem hafa áhuga á frekari upplýsingum um þá fjármálagerninga sem fjallað er um á vef bankans er bent á að leita til ráðgjafa bankans. Í einstökum tilvikum kann að vera ómögulegt að eiga viðskipti með fjármálagerninga sem upplýsingar eru um á vef bankans og þá geta viðskipti verið takmörkuð við tiltekna hópa fjárfesta.

Á yfirlitum yfir fjármálagerninga viðskiptavina bankans tekur markaðsverðmæti ekki tillit til þóknana eða annars kostnaðar sem til fellur ef þeir verða seldir. Á yfirlitum er „markaðsgengi“ nýjasta gengi og „markaðsvirði“ verðmæti fjármálagerninga miðað við það gengi. Á hreyfingaryfirlitum er „gengi“ viðskiptagengi hreyfinga og „verð“ viðskiptaverð út frá því. Markaðsgengi fjármálagerninga sem skráðir eru í Kauphöll Íslands hf. er almennt síðasta viðskiptagengi þeirra á þinginu. Sé langt um liðið frá síðustu viðskiptum er einnig litið til hagstæðustu kauptilboða þegar markaðsverðið er metið. Bankinn áskilur sér rétt til leiðréttinga á yfirlitum.